

**UMHVERFIS- OG
LOFTSLAGSSTEFNA
AKUREYRARBÆJAR
2022–2030**



Akureyrarbær



MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið loftslagsstefnunnar er að minnka útblástur gróðurhúsa-lofttegunda með breyttum ferðavenjum og aukinni nýtingu á innlendri orku, sem og minni sóun og aukinni endurvinnslu. Jafnframt skal vernda líffræðilegan fjölbreytileika og náttúruperlur bæjarfélagsins, sem skilar sér í auknum lífsgæðum bæjarbúa.

Öll starfsemi sveitarfélagsins hefur áhrif á umhverfið með einum eða öðrum hætti, og því þarf starfsfólki sveitarfélagsins að vera kunnugt um stefnuna. Sviðsstjórar bera ábyrgð á því að kynna hana fyrir sínu sviði og koma aðgerðum fyrir hjá viðeigandi ábyrgðaraðilum. Til þess að ná markmiðum okkar um minni útblástur og betri lífsgæði þurfum við öll að leggjast á eitt. Því mun stefnan vera kynnt íbúum, fyrirtækjum og samtökum í sveitarfélaginu. **Mikilvægt er að stefnan verði rýnd reglulega og niðurstöður aðgerða mældar.** Þessar niðurstöður verða kynntar almenningi með það að markmiði að sýna árangur sveitarfélagsins og virkja íbúa bæjarins áfram í þeirri vegferð að ná settum markmiðum.

● INNGANGUR

○ 1. HREIN ORKA

○ 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

○ 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN

○ 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

○ 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI

○ 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA

○ HELSTU AÐGERDIR

○ TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA






BYGGIR Á

Umhverfis- og loftslagsstefna Akureyrarbæjar er byggð á Parísarsamkomulaginu, stefnu ríkisstjórnar Íslands, þátttöku bæjarins í Global Covenant of Mayors, þróunarvinnu Vistorku að kolefnishlutlausu samfélagi, samráði við ungmennaráð og vinnu sérfræðinga hjá Akureyrabæ.

Meginmarkmið bæjarins er að ná að lágmarki **kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum fyrir árið 2040**, en það er í takt við markmið Íslands í loftslagsmálum samkvæmt Parísarsamkomulaginu og stjórnarsáttmála frá nóvember 2021. Með Parísarsamkomulaginu, sem samþykkt var í desember 2015, skuldbundu ríki heims sig til að draga úr losun og setja fram mælanlegar aðgerðir með það að markmiði að halda hnattrænni hlýnun innan við 2°C og eins nálægt 1,5°C og hægt er. Sérfræðingar hafa metið að miðað við stöðuna 2020 muni hitastig á jörðinni hækka um 3–5°C, fyrir árið 2100, nema gripið sé til tafarlausra aðgerða.

LOSUN CO₂ FRÁ SAMGÖNGUM



● INNGANGUR

○ 1. HREIN ORKA

○ 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

○ 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN

○ 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

○ 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI

○ 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA

○ HELSTU AÐGERÐIR

○ TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



Akureyrarbær

● INNGANGUR

○ 1. HREIN ORKA

○ 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

○ 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN

○ 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

○ 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI

○ 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA

○ HELSTU AÐGERÐIR

○ TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

KOLEFNISHLUTLEYSI

Nauðsynlegt er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og auðið er, þar til náðst hefur **jafnvægi í losun og bindingu, þ.e. kolefnishlutleysi**. Þetta hnattræna vandamál sem við stöndum frammi fyrir krefst markvissra og staðbundinna aðgerða þar sem sveitarfélög hafa veigamiklu hlutverki að gegna. Fá lönd í heiminum hafa eins góð tækifæri og Ísland til að ná markmiðum sínum um kolefnishlutleysi og aukna sjálfbærni. Hér er því einstakt tækifæri til að sýna hvernig afskekkt svæði á norðurslóðum geta náð miklum árangri í loftslagsmálum á nokkrum árum.





Akureyrarbær

SKULDBINDINGAR

Umhverfis- og loftslagsstefnan er mikilvægt stjórnþæki sem nota á með virkum hætti í allri ákvarðanatöku sveitarfélagsins og því þarf að huga að framfylgd hennar og endurskoðun. **Umhverfis- og loftslagsstefnan er til ársins 2030.** Þar sem þróun loftslagsmála er hröð er aðgerðaáætlunin sem fylgir stefnunni aðeins til þriggja ára og mikilvægt að endurskoða allar tímasetningar reglulega til að ná settum markmiðum. Jafnframt verður endurskoðun og uppfærsla stefnunnar að taka tillit til tækniþróunar sem og annarra breytinga sem verða í samfélaginu.

Loftslagshluti stefnunnar inniheldur í meginatriðum þá þætti sem falla undir beinar skuldbindingar Íslands samkvæmt Parísarsamkomulaginu; innlenda olíunotkun, meðhöndlun úrgangs og landbúnað.

● INNGANGUR

○ 1. HREIN ORKA

○ 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

○ 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN


○ 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

○ 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI

○ 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA

○ HELSTU AÐGERÐIR

○ TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



AKUREYRARBÆR AÐILI AÐ GCOM

Akureyrarbær er eitt þriggja sveitarfélaga á Íslandi sem eru aðilar að **Global Covenant of Mayors for Climate & Energy (GCoM)**, sem er sameiginleg yfirlýsing fjölda borgar- og bæjarstjóra um heim allan um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, styrkja viðnámsþol gegn loftslagsbreytingum, birta tölulegar upplýsingar um frammistöðu í loftslagsmálum og setja markmið um enn betri frammistöðu. Með því að taka þátt í GCoM vilja sveitarfélög sýna fram á að staðbundnar aðgerðir geti haft marktæk áhrif á heimsvísu.

Akureyrarbær hefur með aðild sinni að GCoM m.a. skuldbundið sig til að gera árlega grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda í sveitarfélaginu. Gögnum um losunarbókhald Akureyrarbæjar hefur verið skilað inn allt frá árinu 2017 en árið 2018 fékk Akureyrarbær aðstoð frá ráðgjafarfyrtækinu Environice og voru skilin árið 2019 vegna ársins 2018 mun ítarlegri en áður. Eftir að gögnum hefur verið skilað inn eru niðurstöðurnar metnar og viðkomandi sveitarfélagi gefin einkunn. Samkvæmt niðurstöðum bókhaldsins fyrir árin 2018 og 2019 er mörgu ábótavant til að ná markmiðum um kolefnishlutleysi. Stefna þessi er því byggð að mörgu leyti á þeim niðurstöðum, en í skýrslum Environice má finna tillögur að úrbótum.

31 OCT - 12 NOV 2021
GLASGOW
COP26

“OUR GOAL IS THAT BY 2035 ALL URBAN TRANSPORT AND VEHICLES USED BY THE MUNICIPALITY OF AKUREYRI WILL BE FREE OF FOSSIL FUELS AND RUN ENTIRELY ON DOMESTIC AND ENVIRONMENTALLY FRIENDLY ENERGY SOURCES.”

ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR
MAYOR OF AKUREYRI
COP26



Akureyrarbær

● INNGANGUR

○ 1. HREIN ORKA

○ 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

○ 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN

○ 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

○ 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI

○ 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA

○ HELSTU AÐGERÐIR

○ TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



Akureyrarbær

FRAMÚRSKARANDI SVEITARFÉLAG

Akureyrarbær er nú þegar framúrskarandi sveitarfélag og jafnvel fyrirmynd annara í umhverfismálum á mörgum sviðum. Það eru hins vegar fjölmörg verkefni framundan ef samfélagið á að ná settum markmiðum. Það er vissulega á ábyrgð allra að gera betur og framtak einstaklinga skiptir máli en það er þó á **ábyrgð yfirvalda að búa til skilyrði fyrir íbúa bæjarins til að lifa eins vistvænu lífi og mögulegt er.** Á síðustu árum hefur bærinn sýnt frumkvæði og innleitt margar grænar lausnir fyrir íbúa og gesti bæjarins. Árið 2009 var jarðgerðarstöðin Molta reist á Akureyri. Til að ná settum markmiðum um að minnka magn úrgangs til urðunar á svæðinu var ákveðið að úthluta hverju heimili grænni tunnu undir lífrænan úrgang. Molta vinnur síðan lífræna úrganginn og breytir í næringarríkan áburð.

molta
JARÐGERÐ

● INNGANGUR

○ 1. HREIN ORKA

○ 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

○ 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN

○ 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

○ 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI

○ 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA

○ HELSTU AÐGERÐIR


○ TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



ORKA OG ÚRGANGUR

Fyrirtækið Orkey var stofnað á Akureyri í byrjun árs 2007. Orkey framleiðir lífdísil úr notaðri matarolíu sem er safnað frá heimilum og veitingastöðum á söfnunarstöðvum víða um land. Á árinu 2014 hófst framleiðsla á metani. Metanið er framleitt úr hauggasi sem myndast á gamla urðunarstaðnum á Akureyri. **Alls eru 11 grenndarstöðvar á Akureyri þar sem auðvelt er að koma endurvinnanlegu sorpi í réttan farveg.** Frítt er í strætó, hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla er að finna víðs vegar um bæinn og bifreiðar sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum hafa á völdum stöðum forgang að bílstæðum í miðbænum. Þrátt fyrir að hafa þegar innleitt margar áhrifaríkar, grænar lausnir í umhverfismálum stendur Akureyrarbær einnig frammi fyrir ýmsum áskorunum.


Svifryk í andrúmsloftinu á Akureyri er eitt stærsta umhverfisvandamálið sem bærinn glímir við og er jafnframt stórt lýðheilsuvandamál. Því er forgangsmál að fækka þeim dögum sem svifryk fer yfir heilsuverndarmörk. Skýringin á þessu mikla magni svifryks liggur eflaust í þeirri staðreynd að á Akureyri voru í árslok 2021 um 80 fólksbílar á hverja 100 íbúa en það er með því mesta í Evrópu. Afleiðing þess er sú að hlutdeild gangandi og hjólandi er mjög lítil sem og notkun almenningsgangna.



Akureyrarbær


● INNGANGUR

- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



AÐLÖGUN AÐ LOFTSLAGS- BREYTINGUM

Mikilvægt er að Akureyrarbær sé viðbúið þeirri vá sem stafar af áhrifum loftslagsbreytinga og afleiðingum þeirra. Kortleggja þarf markmið og mótvægisáðgerðir á sviði náttúruvár, skipulagsmála, atvinnulífs, lýðheilsu, félagslegra innviða, upplýsingagjafar, váttrygginga og fjármálastarfsemi, vatns- og fráveitna í samstarfi við Norðurorku og áhrif á hafnarmannvirki í samstarfi við Hafnarsamlag Norðurlands. Akureyrarbær mun sérstaklega horfa til „Í ljósi loftslagsvár“, stefnu ríkisvaldsins um aðlögun að loftslagsbreytingum.



Akureyrarbær

● INNGANGUR

- 1. HREIN ORKA
 - 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
 - 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
 - 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
 - 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
 - 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA





● INNGANGUR

○ 1. HREIN ORKA

○ 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

○ 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN

○ 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

○ 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI

○ 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA

○ HELSTU AÐGERÐIR

○ TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

FIMM MÁLAFLOKKAR

Umhverfis- og loftslagsstefna Akureyrarbæjar samanstendur af **fimm málaflokkum**. Hverjum málaflokki fylgir aðgerðaáætlun sem á að tryggja að stefnunni sé framfylgt. Akureyrarbær mun áfram sýna frumkvæði í umhverfis- og loftslagsmálum og í stefnunni má sjá hvernig sveitarfélagið stefnir að því að sýna frumkvæði í sínum eigin rekstri.

1. HREIN ORKA

2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

3. ÚRGANGSAUÐLINDIN

4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

5. GRÆN SVÆÐI OG NÁTTÚRA

6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA



HREIN ORKA



Akureyrarbær




SÉRSTAÐA Á HEIMSVÍSU

Um 70% losunar í heiminum eru vegna orkunotkunar og er bruni jarðefnaeldsneytis meginorsök útstreymis koltvísýrings. **Ísland er í sérstöðu á heimsvísu þegar kemur að hlutfalli endurnýjanlegra orkugjafa.** Öll raforkuframleiðsla á Íslandi er af endurnýjanlegum uppruna (75% af heildar raforkuframleiðslu á Íslandi er framleidd með vatnsafl, 25% með jarðvarma). Jafnframt eru um 99% húshitunar á Íslandi af endurnýjanlegum uppruna (90% jarðvarma og 9% raforku). Hins vegar gengur stærsti hluti samgönguflotans á Íslandi fyrir erlendu jarðefnaeldsneyti.

Samkvæmt kolefnisbókhaldbæjarins fyrir árið 2020 var heildarlosunin 151.000 tonn CO₂ig, þar af 55.000 tonn frá samgöngum á landi. **Því er ljóst að orkuskipti í samgöngum eru eitt helsta tækifærið til úrbóta í orkumálum bæjarins.**

VATNSAFL JARÐVARMÍ



RAFORKUFRAMLEIÐSLA Á ÍSLANDI



- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

HRÍSEY OG GRÍMSEY

Eyjarnar Hrísey og Grímsey eru hluti af sameinuðu sveitarfélagi og gilda sömu loftslags- og umhverfisáherslur þar og annars staðar í sveitarfélaginu. Sæstrengur liggur milli Hríseyjar og lands fyrir raforku og í eyjunni er jafnframt hitaveita sem nýtir vatn úr borholu á staðnum. Í Grímsey er hins vegar öll orka framleidd með olíu. Rafmagn er framleitt með dísilrafstöðvum og húshitun fæst með olíukyndingu við hvert hús. Grímsey er því síðasta svartolíuvígi Akureyrar í raforku- og húshitun. Í báðum eyjum eru endurvinnslustöðvar fyrir sorp og allt sorp flutt í land til frekari meðhöndlunar.

Unnið er að orkuskiptum í Grímsey þar sem ætlunin er að setja upp vindmyllur, sólarsellur og blanda lífdísli á dísilrafstöðvarnar. **Byggt á árangri þeirra verkefna og verða markmiðin metin en stefnan er að orkuskiptum í Grímsey verði lokið á árunum 2025-2030.**



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA





Akureyrarbær

VISTVÆNIR ORKUGJAFAR

Akureyrarbær stefnir að því að auka hlutdeild bifreiða sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum í eigu bæjarfélagsins, einstaklinga og fyrirtækja.

Meginmarkmiðið er að ná fullum orkuskiptum fyrir árið 2040 þannig að öll orka, hvort sem er til samgangna eða malbiksframleiðslu, komi úr innlendum og vistvænum orkugjöfum.

Rafvæðing hafna er einnig mikilvægt orkuskiptaverkefni sem er nú þegar í fullum gangi. Í dag geta allir bátar, togarar og minni skip tengst rafmagni við bryggju. Mikilvægt er að halda þessari vinnu áfram og skoða möguleikana á því að hafa innviðina einnig tilbúna fyrir stærri skip. Jafnframt stefnir bærinn að því að auka notkun vistvænna orkugjafa sem framleiddir eru í sveitarfélaginu, s.s. metans, lífdísils og rafmagns.

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA




7 SJÁLFBÆR
ORKA



13 AÐGERÐIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



MARKMIÐ UM ÞRÓUN BÍLAFLOTA AKUREYRAR



- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA






FÓLKSBIÐLAFLÓTI OG ORKUSKIPTI

Á þriðja ársfjórðungi 2021 var heildarfjöldi íbúa á Akureyri 19.570 og heildarfjöldi fólksbíla á skrá 16.121 (rúmlega 80 bílar á hverja 100 íbúa). Af þeim var fjöldi hreinna rafbíla og metanbíla 425 eða 2,6%.

Markmiðið er að fyrir árið 2040 verið allar innanbæjarsamgöngur lausar við jarðefnaeldsneyti og að hlutfall fólksbíla á íbúa verði komið niður fyrir 60%. Því markmiði verður ekki aðeins náð með orkuskiptum heldur þarf einnig að breyta daglegum ferðavenjum.

Meginmarkmið um samdrátt í losun vegna orkunotkunar snúa að því að draga úr notkun á olíu, skipta út olíu fyrir aðra orkugjafa eins og mögulegt er tæknilega og draga úr losun og auka bindingu með bættri landnotkun.

FJÖLDI FÓLKSBIÐLA
Á HVERJA 100 ÍBÚA




- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



HAGRÆNIR HVATAR

Til að tryggja orkuskipti og ná markmiðum um kolefnishlutleysi verður lögð áhersla á hagræna hvata til að auka notkun á innlendum, vistvænum orkugjöfum og finna leiðir til að draga úr olíunotkun, fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla, auka framleiðslu og nýtingu lífoldsneytis, rafvæða hafnir, fækka bensíndælum á bensínstöðvum og halda áfram með LED-væðingu, sem hefur sýnst að noti aðeins um 30% orku miðað við eldri tækni.

Orkuskiptin eru nú þegar á fleygiferð, hlutfall nýskráðra vistænna bíla á Íslandi er með því hæsta í heiminum og framboð á rafbílum eykst hratt. Því er mikilvægt að innviðirnir séu til staðar til að þjóna þeim. **Akureyrarbær stefnir á að vera í fararbroddi í uppbyggingu þessara innviða.**



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



7 SJÁLFBÆR
ORKA



13 AÐGERÐIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM

BREYTTAR FERÐAVENJUR



Akureyrarbær


STEFNAN OG STAÐAN Í DAG

Líkt og áður hefur komið fram eru samgöngur ein af aðaluppsprettum losunar gróðurhúsalofttegunda á Akureyri. Markmiðið er að stuðla að því að Akureyringar noti vistvæna og hagkvæma ferðamáta og að hjólandi, gangandi og almennings-samgöngur njóti forgangs við skipulag byggða og nýframkvæmda.


Þétting byggðar er skýr stefna bæjarins (Aðalskipulag 2018–2030), en sú stefna stuðlar meðal annars að minni ferðapörf íbúa. **Markvisst verður unnið að því að minnka ferðapörf íbúa** og efla vistvæna samgöngumáta. Minni notkun fólksbíla dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnkar álag og dregur úr viðhaldskostnaði á samgöngumannvirki og minnkar umhverfisáhrif. Efling fjölbreyttra vistvænna ferðamáta mun því ekki einungis hafa í för með sér ávinning fyrir umhverfið heldur einnig fyrir efnahag og lýðheilsu. Að auki stuðlar þessi þróun að auknu umferðaröryggi í bænum.

HLUTFALL FERÐA Á EINKABÍL

NÚVERANDI STAÐA



MARKMIÐ 2030



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

STOFNSTÍGAR

Skipulagsstofnun hefur staðfest breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem felur í sér nýtt heildarskipulag fyrir stígakerfið innanbæjar.

Samkvæmt skipulaginu er kerfið flokkað í stofnstíga, tengistíga, útivistarstíga, reiðstíga og almenna stíga.

Nú þegar eru hafnar framkvæmdir við uppbyggingu stíga við Sjafnargötu og Krókeyri sem taka mið af skipulaginu. Einnig verður stígaskipulagið haft til hliðsjónar við væntanlegar umferðaröryggisaðgerðir í Skarðshlíðarhringnum. Eitt af stóru verkefnum ársins 2022 er hönnun á nýjum aðskildum göngu- og hjólastíg í gegnum allan bæinn.

LENGD STOFNSTÍGA

**SAMÞYKKTIR
STOFNSTÍGAR**


12 KM

**FRAMTÍÐARSÝN
STOFNSTÍGA**

26 KM

**HEILDARLENGD
STOFNSTÍGAKERFIS**

38 KM




Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

ÞÉTTING BYGGÐAR

Uppbygging og viðhald bygginga og innviða er afar kostnaðarsamt. Með þéttingu byggðar nýtast þau grunnvirki sem nú þegar eru til staðar mun betur, þar sem fleiri íbúar geta nýtt hvern kílómetra af innviðum en áður. **Með þéttingu byggðar sparast því umtalsverðar upphæðir**, meðal annars í götusópun og hálkuvörnum. Þar að auki skilar þétting byggðar sér í mun betri landnotkun. Vegalengdir eru styttri í þéttari byggð, sem styður við notkun vistvænni og skilvirkari ferðamáta.

Vert er að benda á þann lærdóm sem heimsfaraldurinn Covid-19 hefur haft í för með sér. Minni umferð og þar af leiðandi hreinna loft voru afleiðing smitvarnaráðstafana víðs vegar um heim, og fengu íbúar að upplifa heimkynni sín á nýjan hátt. Í ljós kom að fjarfundir gátu vel leyst hefðbundna fundi af hólmi. Margir uppgötvuðu kosti þess að vinna heima, sem meðal annars léttir umferðarpunga. Borgir og bæir víðs vegar um heim hafa gert ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja næga fjarlægð milli fólks, meðal annars lokað götum fyrir bílaumferð eða breikkað gangstéttir. Mikilvægt er að draga lærdóm af þessu tímabili, með það að markmiði að skapa enn lífvænlegra og öruggara samfélag.



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



Akureyrarbær

ALMENNINGS- SAMGÖNGUR

Á árunum 2020–2021 var unnið að því að endurskipuleggja leiðanet Strætisvagna Akureyrar með það fyrir augum að bæta þjónustuna og fjölga farþegum.

Nýtt leiðanet, sem var kynnt í mars 2021, að loknu samráði og endurskoðun, byggir á leiðarljósum um aukna tíðni, beinni leiðir og styttri ferðatíma. Auk þess er lögð áhersla á að leiðanetið tengist miðbæ, skólum, frístundastarfsemi og helstu atvinnukjörnum.


Stefnt var að því að hefja akstur samkvæmt nýju kerfi sumarið 2021. Umhverfis- og mannvirkjaráð Akureyrarbæjar samþykkti að fresta innleiðingu á nýju leiðaneti Strætisvagna Akureyrar til 1. ágúst 2022.



- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



ÚRGANGSAUÐLINDIN



Akureyrarbær




- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERDAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

MIKILVÆG VITUNDARVAKNING

Undanfarin ár hefur mikilvæg vitundarvakning átt sér stað. Allt fram til ársins 2009 var allur úrgangur á Akureyri urðaður með tilheyrandi jarðraski og loftslagsáhrifum. Nú, rúmum áratug síðar, er framleidd molta, lífdísill og metan úr úrgangi auk þess sem stór hluti þess sem fellur til fer til endurnýtingar.

Akureyrarbær hefur verið leiðandi í sorp- og úrgangsmálum á Íslandi, þá sérstaklega í innleiðingu víðtæks flokkunarkerfis, og stefnir á að halda því hlutverki áfram. Árið 2021 fóru 30% af heimilisúrgangi í endurvinnslu, 23% fóru í jarðgerð og 47% af heimilissorpi voru urðuð.

■ ENDURVINNSLA ■ JARÐGERÐ ■ URÐUN





SÖFNUN HEIMILISÚRGANGS Á AKUREYRI

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA	13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

SORPSTIGVELDIÐ

Eitt helsta hugtak auðlindastjórnunar er sorpstigveldið, en það snýr að forgangsröðun leiða til þess að meðhöndla auðlindir og sorp. Í fyrsta forgangi er fyrirbygging, en þar er átt við þær aðgerðir sem ráðist er í áður en hráefni verða að sorpi. Næstur í stigveldinu er undirbúningur fyrir endurnýtingu, en þar er átt við viðhald og lagfæringar svo mögulegt sé að framlengja líftíma vöru eða hráefnis. Endurvinnsla hráefna er næst, og þar á eftir skal nýta hráefnin til orkuframleiðslu. Lægst í stigveldinu og síst ákjósanlegi kosturinn er urðun á sorpi.

Til þess að ná markmiði um kolefnishlutleysi þarf að leggja ríkari áherslu á efri stig sorpstigveldisins. Sveitarfélagið mun vinna að því að minnka sóun og fyrirbyggja sorpmyndun í gegnum fræðslu og upplýsingagjöf til íbúa. Þar á eftir skal leitast eftir því að endurnýta vörur og hráefni eins og mögulegt er, með hjálp viðhalds og lagfæringa þar sem það á við. Þetta verður meðal annars gert með því að styðja starfsemi sem stuðlar að aukinni endurnýtingu og viðhaldi. **Halda skal áfram á sömu vegferð með öfluga flokkun og endurvinnslu í sveitarfélaginu, með það að markmiði að hækka endurvinnsluhlutfallið enn frekar.**





Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERDAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

HRINGGRÁSAR- HAGKERFIÐ

Hið línulega hagkerfi sem við höfum búið við í marga áratugi byggist á munstrinu „framleiðsla – notkun – förgun“. Hins vegar leggur hringrásarhagkerfið áherslu á hvernig eigi að viðhalda hráefnunum og vörunum í lykkju og fullnýta möguleika þeirra. **Kjarni þessa kerfis er að hanna vörur og þjónustu, þannig að sem minnst sorp myndist. Því markmiði verður meðal annars náð í gegnum endurnýtingu og innleiðingu aukinnar samnýtingar.**

Bókasöfn eru í eðli sínu dæmi um deiliahagkerfi. Amtsbókasafnið á Akureyri hefur undanfarið verið að útvíkka safnkost sinn og býður nú ekki einungis upp á útlán á bókum heldur einnig á spilum, lautarkörfum og kökuformum. Þar að auki er hægt að fá dagsbirtulampa og nuddtæki til notkunar innan safnsins. Einnig hefur Amtsbókasafnið staðið fyrir ýmiss konar viðburðum sem styðja við hringrásarhagkerfið, eins og mörkuðum fyrir fataskipti, leikfangaskipti og plöntuskipti. Styðja skal við þetta starf Amtsbókasafnsins, sem stuðlar ekki einungis að innleiðingu hringrásarhagkerfisins heldur hefur einnig jákvæð samfélagsleg áhrif í för með sér.



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERDAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



ENDURVINNSLA HEIMILISÚRGANGS

Í Evróputilskipunum sem ætlað er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis er að finna hertar og tímasettar kröfur um endurvinnslu heimilisúrgangs. Þannig skulu 55% af heimilisúrgangi vera endurunnin árið 2025, 60% árið 2030 og 65% árið 2035. Akureyrarbær vill gera gott betur en það. Árið 2019 var endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs 53% (endurvinnsla og jarðgerð) og stefnir bærinn á að ná hlutfallinu upp í 60% árið 2025. Þar að auki munu þættir hringrásarhagkerfisins vera hafðir að leiðarljósi í sorpstjórnun bæjarins, þar sem lögð verður áhersla á það að halda hráefnum og vörum sem lengst í notkun með það að markmiði að lengja líftíma þeirra. Með innleiðingu hringrásarhagkerfisins nýtum við hráefnin betur og uppskerum umhverfislegan og jafnframt efnahagslegan ávinning. **Stofnanir sveitarfélagsins skulu vera í fararbroddi í þessari þróun og mun rík áhersla verða lögð á að auka flokkun sorps í almenningrýmum og í tengslum við viðburði.**

ENDURVINNSLUHLUTFALL

100%

90%

80%

70%

60%

50%

40%

30%

20%

10%

0

53%

55%
EVROPUTILSKIPUN

60%
STEFNA AKUREYRAR

2019

2025

2025



- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERDAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERDIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

LOFTGÆÐI OG HEILSA



Akureyrarbær



SVIFRYKSMAGN Í ANDRÚMSLOFTI

Svifryksmagn í andrúmslofti er eitt stærsta umhverfisvandamálið sem bærinn stendur frammi fyrir. **Loftmengun er janframt stórt lýðheilsuvandamál eins og sjá má í skýrslum Umhverfisstofnun Evrópu en þar er áætlað að á árinu 2020 megi rekja sextíu ótímabær dauðsföll á Íslandi til útblástursmengunar.** Svifryk er sérstaklega hættulegt heilsu barna, aldraðra og fólks með undirliggjandi sjúkdóma. Rannsóknir hafa sýnt að svifryk getur aukið líkur á öndunarfæra-sjúkdómum og hjarta- og æðasjúkdómum, sem og lungnakrabbameini. Því er forgangsmál að fækka þeim dögum á ári sem svifryk fer yfir heilsuverndarmörk. Undanfarin ár hefur svifryksmengun á Akureyri verið gífurlega mikil. Heilsuverndarmörk svifryks eru $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ á sólarhring og má að hámarki fara 35 sinnum yfir mörkin á hverju ári.



- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA






VIÐBRAGÐSÁÆTLUN AKUREYRARBÆJAR

Árið 2017 fór styrkur svifryks á Akureyri 39 sinnum yfir leyfileg heilsuverndarmörk en árið 2018 voru 19 tilfelli og árið 2019 voru 22 tilfelli. Reglur um heilsuverndarmörkin taka ekki á því hversu langt yfir mörkin er leyfilegt að fara en árið 2019 mældist hæsta sólarhringsmeðaltal svifryks á Akureyri 182 µg/m³.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga bera ábyrgð á gerð viðbragðsáætlana til að draga úr loftmengun. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra samþykkt í árslok 2020 viðbragðsáætlun gegn loftmengun á starfssvæði nefndarinnar. Viðbragðsáætluninni er gert að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði á Íslandi og skal Akureyrarbær fylgja þessari viðbragðsáætlun og hafa hana til leiðsagnar um viðbrögð þegar loftmengun verður mikil á svæðinu.



INNGANGUR

1. HREIN ORKA

2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

3. ÚRGANGSAUÐLINDIN

4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI

6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA

HELSTU AÐGERÐIR

TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA





Akureyrarbær

VERK AÐ VINNA

Samkvæmt skýrslu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, *Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði á Íslandi 2018–2029*, er markmiðið að fyrir árið 2029 fari svifryk aldrei yfir heilsuverndarmörk af völdum umferðar og því hefur Akureyrarbær verk að vinna. Ýmsar leiðir eru til þess að leysa þetta vandamál.

Ein helsta uppspretta loftmengunar í þéttbýli eru samgöngur m.a. vegna bruna jarðefnaeldsneytis, t.d. bensíns og dísilolíu og slits á götum vegna nagladekkjanotkunar. Magn svifryks í andrúmslofti er yfirleitt árstíðarbundið og hafa veður- aðstæður töluverð áhrif á magn og samsetningu svifryks. Á Akureyri virðist svifryk vera mest á þurrviðraköflum að vetrarlagi, þegar jörð er snjólaus og naglar undir bílum. Þegar þessar aðstæður eru uppi skiptir höfuðmáli að hvetja íbúa Akureyrar markvisst til að sleppa því að nota einkabílinn og nota frekar almenningssamgöngur og aðra umhverfisvæna ferðamáta.



- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA





Akureyrarbær

SAMVINNUVERKEFNI AKUREYRINGA


Á Akureyri er frítt í strætó og stöðugt er unnið að endurbótum á göngu- og hjóltreðastígum bæjarins. **Það ætti að vera sameiginlegt kappsmál allra Akureyringa að vinna að því að minnka svifryksmengun í bænum með því að draga úr akstri.** Þar að auki er hægt að gera ýmislegt til að draga úr svifryksmengun og mun Akureyrarbær meðal annars stefna að því að minnka hlutdeild bíla á nagladekkjum, nota rykbindiefni og sópa og þrifa götur. Götusópur í rekstri bæjarins er nú kominn á metaneldsneyti. Einnig er mikilvægt að forgangur í snjómokstri miði að umhverfisvænum ferðamátum.

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



HÁVAÐAMENGUN Á AKUREYRI

Hávaðamengun á Akureyri felst fyrst og fremst í umferðarhávaða. Hávaðamengun getur haft alvarlegar afleiðingar á heilsu fólks og m.a. valdið heyrnatapi, háþrýstingi, aukinni streitu og svefntruflunum. Akureyrarbær og Vegagerðin hafa unnið aðgerðaáætlun gegn hávaða á árunum 2018–2023 sem mikilvægt er að fylgt sé eftir. Meðal þeirra aðgerða sem hægt er að beita til að stemma stigu við hávaðamengun er að minnka umferðarmagn, minnka hraða, lækka hlutfall þungra ökutækja og stuðla að umhverfisvænni ferðamátum. Umhverfisvænni ferðamátar hafa jákvæð áhrif á umhverfið og hljóðstig vegna samgangna. **Bæjarstjórn telur mikilvægt að sveitarfélagið fylgi eftir aðgerðaáætlun gegn hávaða** og beiti sér fyrir bættum almenningssamgöngum sem og betri aðstöðu fyrir fótgangandi og hjólreiðafólk.



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



Akureyrarbær

BARNVÆNT SAMFÉLAG

Akureyrarbær varð í maí 2020 fyrst sveitarfélaga á Íslandi til að hljóta viðurkenningu Barnvænna sveitarfélaga. **Börn í forgrunni og í forgangi er einkennismerki barnvæns sveitarfélags** og það á að tryggja hagsmuni barna í öllum málum sem snúa að þeim, meðal annars réttinn til þess að lifa í ómenguðu umhverfi. Það er því í takt við barnvænt sveitarfélag að minnka magn svifryks í andrúmslofti þar sem rannsóknir hafa sýnt að börn eru hvað viðkvæmust fyrir svifryki og getur svifryk m.a. haft neikvæð áhrif á þroska taugakerfis barna. Bæjarstjórn telur það vera mikilvægan þátt í að ná þeim markmiðum að sveitarfélagið fylgi eftir áformum um samfellu í skóla- og frístundastarfi barna.



- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI



Akureyrarbær

AKUREYRI ER NÁTTÚRUPARADÍS

Akureyrabær er sannkölluð náttúruparadís með góðu aðgengi að fjölbreyttum útivistar- og náttúrusvæðum. Innan sveitarfélagsmarkanna má finna allar gerðir náttúruminja nema nútímahrauns auk sérstakra afmarkaðra vistkerfa. Meðal sérstaklega verðmætra svæða má nefna Krossanesborgir og Glerárdal sem hvoru tveggja njóta friðunar fólkvangar. Glerárgil og óshólmar Eyjafjarðarár eru á náttúruminjaskrá. Þá er eins hektara svæði við Naustaflóa í Naustaborgum hverfisverndað svæði. Jafnframt eru víða í bæjarlandinu merkilegar jarðmyndanir, t.d. í Kotárborgum og Langamel. Í fjölda ára hefur vöktun fuglalífs í bæjarlandinu farið fram m.a. í Óshólum, Krossanesborgum og Naustaflóa í Naustaborgum, til að fylgjast með og varðveita fuglalíf á svæðinu. Kjarnaskógur og Naustaborgir, svæði sem er um 800 hektarar að stærð, eru ein vinsælustu útivistarsvæði Akureyringa. Við upphaf skógræktar á svæðinu um 1950 var landið skóglaust með öllu. Síðan þá hefur verið plantað um 1,5 milljónum plantna. Í skóginum má meðal annars finna fjölda leiktækja, blakvelli, snyrtingar, grillaðstöðu, stærsta skipulagða göngusvæði landsins og fyrstu sérhönnuðu fjallahjólabraut landsins. Frekari uppbygging skóga hefur verið í fullum gangi í gegnum verkefnið „Græni trefillinn“. Bæjarstjórn telur mikilvægt er að varðveita hin fjölbreyttu náttúrusvæði í bæjarlandinu, vernda líffræðilegan fjölbreytileika, vinna markvisst gegn útbreiðslu ágengra plantna, bæta vöktun, aðgengi að náttúru og umgengni um hana, stuðla að verndun og endurheimt vistgerða og vistkerfa auk þess að stuðla að frekari skógrækt og bættri landnýtingu.



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



UPPBYGGING ÚTIVISTARSVÆÐA

Gott aðgengi að fjölbreyttum útivistar- og náttúrusvæðum eykur lífsgæði bæjarbúa og því er mikilvægt að varðveita og efla útivistar- og náttúrusvæði í bæjarlandinu. Áhersla er lögð á verndun náttúru, jarðmyndana og lífríkis í þeim náttúruperlum sem finna má í bæjarlandinu.

Huga þarf að fræðslu og góðu aðgengi almennings að náttúruperlum í bæjarlandinu s.s. Sílabás, Glerárdal, Glerá, Krossanesborgum og óshólmum Eyjafjarðarár. Skipuleggja þarf stíga og áningastaði á slíkum svæðum til verndar viðkvæmum vistkerfum. Haldið skal áfram uppbyggingu Kjarnaskógs og Naustaborga með því að auka fjölbreytileika trjá- og runnagróðurs, stígagerð og uppbyggingu leiksvæða. Lögð skal áhersla á að vernda sérstætt landslag innan þéttbýlismarka. Til að halda þessum svæðum eins snyrtilegum og mögulegt er verða settar upp flokkunartunnur við helstu útivistarsvæði í bæjarlandinu. Einnig er mikilvægt að efla notkun grænna svæða innan bæjarmarkanna; Hamarskotstúns, Eiðsvallar, Lystigarðsins, Sundlaugargarðsins, Seljagarðsins, Andapollsins o.s.frv. og stuðla að því að nærumhverfi íbúa verði fallegt og snyrtilegt. Til að bæta nærumhverfi íbúa er mikilvægt að reglulega fari fram hreinsunaráttak í bænum. Matjurtagarðar Akureyrar verða eflir og bæjarbúar upplýstir um tilgang og möguleika þeirra með það að markmiði að fleiri rækti eigið grænmeti. Mikil ásókn hefur verið í garðana og fengu Matjurtagarðarnir m.a. hvatningarverðlaun Garðyrkjufélagsins árið 2019, því telur bæjarstjórn mikilvægt að efla þetta verkefni og skoða möguleika á því að setja upp fleiri matjurtagarða í bæjarlandinu.



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



SKÓGAR Í FYRSTA SÆTI

Skógar eru eitt stærsta kolefnisforðabúr jarðar og gegna mikilvægu hlutverki í markmiði Akureyrarbæjar að ná kolefnishlutleysi. **Bæjarstjórn telur mikilvægt að haldið verði áfram með gróðursetningu „Græna trefilsins“.** Fullgróðursettur mun hann þekja um 190 hektara í bæjarlandinu. Miðað við bindingarstuðull 7 tonn CO₂ á hektara á ári mun svæðið fullgróðursett binda um 1.500 tonn CO₂ á ári, sem samsvarar meðalútb læstri 600 fólksbíla. Þá verða flugferðir á vegum Akureyrarbæjar kolefnisjafnaðar með gróðursetningu. Jafnframt er mikilvægt að Höfnin haldi áfram gróðursetningu trjáa í samvinnu við Skógræktarfélag Eyfirðinga. Mótað verði verklag um trjárækt í bæjarlandinu og unnið að sérstakri trjáverndunarstefnu með það að markmiði að vernda eldri tré, sérstakar trjátegundir og tré sem binda mikið kolefni. Farið var í tilraunaverkefni sumarið 2020 með að nota moltu til uppgræðslu norðan við skíðahótelíð í Hlíðarfjalli, í um 500 metra hæð. Þar var moltunni dreift og útplöntun á um 1.000 skógarplöntum af ilmbjörk var plantað. Ef verkefnið skilar ásættanlegum árangri verður hægt að stækka núverandi skógræktarsvæði til muna.



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



ENDURHEIMT VOTLENDIS


Samkvæmt kolefnisbókhaldi Akureyrarbæjar stafa 10% af heildarlosun Akureyrar af óræktuðu framræstu landi. **Unnin verður aðgerðaáætlun til að draga úr losun frá óræktuðu, framræstu landi á svæðinu.** Endurheimt votlendis er tiltölulega ódýr aðgerð sem skilar miklum og varanlegum samdrætti í losun og því er nauðsynlegt að skoða tækifærin og vinna áætlun um endurheimt votlendis í bænum.



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA



Akureyrarbær

AKUREYRI Í FARARBRODDI

Akureyrarbær hefur lengi verið í fararbroddi í umhverfis- og loftslagsmálum á Íslandi. Mikilvægt er að halda áfram að styrkja þá stöðu og ímynd Akureyrar sem bæjarbúar geta verið stoltir af.

Stefnt er að því að Akureyri verði skilgreind sem svæðisborg og hafi þannig svæðisbundið hlutverk sem stærsti þéttbýliskjarninn á landsbyggðinni. Akureyri hefur frumkvæði að samstarfi við önnur sveitarfélög í umhverfis- og loftslagsmálum og styður við vegferð annarra sveitarfélaga eftir bestu getu.

Akureyrarbær skal ávallt vera vistvænn í eigin rekstri og stefnir að því að taka Græn skref á öllum starfsstöðvum bæjarins. Hugað skal að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif við framkvæmdir á vegum bæjarins og skulu byggingarframkvæmdir vera umhverfisvottaðar sé þess kostur.

Innan Akureyrarbæjar eru auðlindir nýttar með sjálfbærum hætti, menningarminjar varðveittar og heilnæmi umhverfisins varðveitt með hag komandi kynslóða að leiðarljósi.



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA




FALLEGT OG LIFANDI BÆJARLAND

Akureyri er fallegur bær með blómlegu mannlífi. Mikilvægt er að tryggja góða ásýnd bæjarins og halda bæjarlandi, lóðum og athafnasvæðum snyrtilegum. Sveitarfélagið hefur forgöngu um góða umgengni í eigin starfsemi og verkefnum á vegum bæjarins og eflir íbúa, stofnanir og fyrirtæki í bænum til að taka þátt í þeirri vegferð með reglulegu hreinsunarátaki.

Sveitarfélagið gerir kröfu um að verktakar og framkvæmdaraðilar haldi athafna- og framkvæmdasvæðum snyrtilegum og að óhreinindi og mengun berist ekki af þeim svæðum, s.s. með því að setja kvaðir við útgáfu byggingarleyfa. Akureyrarbær vekur athygli á góðri umgengni verktaka og veitir árlega viðurkenningu fyrir fyrirmyndarumgengni á verkstað.

Á Akureyri er lögð áhersla á umhverfis- og mannvænt bæjarskipulag með þéttri byggð, líflegum íbúahverfum og umhverfisvænni uppbyggingu. Innan sveitarfélagsins eru umhverfis- og náttúrugæði og menningarsögulegar minjar varðveittar eftir fremsta megni.



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLÆGSLA



17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



Akureyrarbær

FAGLEG STJÓRNSÝSLA Í UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁLUM

Lykillinn að árangri umhverfis- og loftslagsstefnu Akureyrarbæjar felst í faglegu starfi innan sveitarfélagsins. Í því skyni skal ávallt horft til umhverfis- og loftslagsstefnu bæjarins við ákvarðanatöku og stefnumótun.

Akureyrarbær stundar vistvæn innkaup og metur umhverfis- og loftslagsáhrif við útboð og framkvæmd verkefna. Hjá sveitarfélaginu fá stjórnendur, kjörnir fulltrúar og starfsmenn reglulega fræðslu um innihald stefnunnar, stöðu aðgerðaráætlunar og það sem er efst á baugi í umhverfis- og loftslagsmálum.

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- **6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA**
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLÆGSLA



17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN

GRAENNI AKUREYRI HELSTU AÐGERÐIR



Akureyrarbær



GRÆN ORKA Í SAMGÖNGUM OG ÖNNUR ORKUSKIPTI

- Búa til betri umgjörð í kringum stuðning fyrir íbúa til að setja upp hleðslustöðvar heima
- Hrinda hjólastígaáformum sem fyrst í framkvæmd
- Hækka þjónustustig í almenningssamgöngum
- Setja allan fólksbílaflota í eigu sveitarfélagsins á innlent eldsneyti fyrir 2030
- Ljúka orkuskiptum í Grímsey fyrir 2030
- Ljúka orkuskiptum á ferjum í Eyjafirði fyrir 2030
- Öll skip minni en stærstu skemmtiferðaskip geti tengst rafmagni við bryggju
- Ljúka orkuskiptum í almenningssamgöngum og leigubílum fyrir 2030

○ INNGANGUR

✓ 1. HREIN ORKA

✓ 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR

○ 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN

○ 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA

○ 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI

○ 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA

● **HELSTU AÐGERÐIR**

○ TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

GRÆN FLOKKUN Á ÚRGANGI

- Hefja fyrstu skref að innleiðingu söfnunarkerfis samkvæmt stefnu ráðherra um hringrásarhagkerfi í úrgangsmálum árið 2022
- Fara í verkefni til að draga úr matarsóun og bæta söfnun á lífrænum úrgangi
- Bregðast við banni á urðun á lífrænum úrgangi


SÉRSTÖK SÖFNUN VIÐ ÍBÚÐARHÚS OG HJÁ LÖGADILUM Í ÞÉTTBÝLI	SÉRSÖFNUN Í GRENNDARGÁMA	SÉRSÖFNUN Í NÆRUMHVERFI ÍBÚA
PAPPÍR OG PAPPÍ	MÁLMAR	SPILLIEFNI
PLAST	GLER	-
LÍFÚRGANGUR (NEMA GARDÚRGANGUR)	TEXTÍLL	-
BLANDAÐUR ÚRGANGUR	-	-

- Líforkuver: Byggt á niðurstöðum hagkvæmnimats verði á árinu 2022 tekin ákvörðun um framtíðarmeðhöndlun á lífrænum úrgangi



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- ✓ 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



GRÆN FÖNGUN Á KOLEFNI

- Fjármagna uppbyggingu Græna trefilsins með sölu á bindingu. Svæðið verði fullgróðursett árið 2025
- Gera samning til nokkurra ára (ríki og Landgræðsla) um aukna nýtingu á mottu til landgræðslu



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- ✓ 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- **HELSTU AÐGERÐIR**
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

GRÆN INNKAUP AKUREYRARBÆJAR

- Umhverfsvotta allar nýbyggingar Akureyrarbæjar frá og með árinu 2022 samkvæmt alþjóðlegum kerfum eins og til dæmis Svansmerkinu eða BREEAM
- Gera kröfu til seljenda vöru og þjónustu um að huga enn frekar að umhverfismálum og aðgerðum til að minnka kolefnisspor sitt
- Meta umhverfispætti tilboða sem leiða af sér minna kolefnisspor



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- ✓ 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- **HELSTU AÐGERÐIR**
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

GRÆNT SKIPULAG

- Þetta byggð, sérstaklega með endurskipulagningu á svæðum eins og Eyrinni og miðbænum
- Byggja upp þjónustu og störf í öllum hverfum
- Taka tillit til gangandi í skipulagi, t.d. með stígum á milli húsa þar sem götur eru langar



Akureyrarbær

- INNGANGUR
- ✓ 1. HREIN ORKA
- ✓ 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- **HELSTU AÐGERÐIR**
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



Akureyrarbær

TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

STOFNUN FALLORKU
2002

DJÚPADALSVIRKJUN II
2006

SÖFNUN Á LÍFRÆNUM ÚRGANGI
OG FRAMLEIÐSLA MOLTU
2009

SÖFNUN Á HAUGGASI Á GLERÁRDAL
OG FRAMLEIÐSLA Á ELDSNEYTI
2014

2004
DJÚPADALSVIRKJUN I

2006
FRÍTT Í STRÆTÓ

2011
SÖFNUN Á MATAROLÍU
OG FRAMLEIÐSLA Á LÍFDÍSLI

ÁFANGAR

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



Akureyrarbær

TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



ÁFANGAR

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



Akureyrarbær

TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA

SEGULLINN
GÖNGU- OG HJÓLAKORT
2019

ÁTAK MEÐ UMHVERFISRÁÐUNEYTI
UM BÆTTA NÝTINGU MOLTU
2020

UPPSETNING VINDMYLLA
OG SÓLARSELLA Í GRÍMSEY
2021

2019

KOLEFNISBÓKHOLD AKUREYRAR
GEFIÐ ÚT Í FYRSTA SKIPTI

2020

MILLJÓNASTI LÍTRINN AF AKUREYRSKU
ELDSNEYTI FRAMLEIDDUR

2021


UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNA
AKUREYRARBÆJAR ÁSAMT AÐGERÐAÁÆTLUN

ÁFANGAR



Akureyrarbær

TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



ÁÆTLUN

- INNGANGUR
- 1. HREIN ORKA
- 2. BREYTTAR FERÐAVENJUR
- 3. ÚRGANGSAUÐLINDIN
- 4. LOFTGÆÐI OG HEILSA
- 5. NÁTTÚRA OG GRÆN SVÆÐI
- 6. UMGENGNI OG STJÓRNSÝSLA
- HELSTU AÐGERÐIR
- TÍMALÍNA GRÆNNA VERKEFNA



Akureyrarbær

